

# Fréttabréf

október 2020



Síðasta hálf árið hefur kennt okkur margt og það hefur tekið á að starfa í leikskóla á Covid tímum. Í Læk höfum við varið miklum tíma og orku í það að huga að og sinna smitvörnum. Mikill tími hefur farið í handþvott og sprittanir og eru börnin orðin mjög fær í því að þvo sér um hendurnar. Matráður, aðstoðarmatráðar og kennarar eru búnir að standa sig framúrskarandi vel í matsalnum í Stóra Læk alveg frá því að skammta öllum mat og vatn ásamt því að sinna sóttvörnum í matsal.

Með ykkar aðstoð höfum við rúllað í gegnum þessa mánuði og þið sýnt okkur traust sem er þakkar vert. Við höfum þurft að loka á aðgengi ykkar að leikskólanum og nú ennþá frekar með því að taka á móti börnunum úti að morgni og skila úti í lok dags. Það skipulag mun haldast eitthvað áfram. Flestallir eru komnir inn í kringum 8.30 og ávaxtastund er um kl. 9.15.

Nú erum við að ljúka við að setja inn myndir af kennurum á heimasíðuna ásamt því að við erum að vinna að kynningu á vetrarstarfinu. Ólíklegt er að við náum að halda haustfund eins og venjan er en markvisst vetrarstarf er hafið.

Í Læk er starfrækt foreldraráð og foreldrafélag. Nokkrir foreldrar hafa gefið færi á sér að sitja áfram næsta veturinn en þó vantar okkur 2 fulltrúa í foreldraráð og 3 í foreldrafélagið Grágæs. Æskilegt er að við fáum fulltrúa frá bæði Litla og Stóra Læk. Því óskum eftir því að þeir sem hafi áhuga sendi tölvupóst á leikskólastjóra. Við bjóðum nýja foreldra velkomna í hópinn og hlökkum til samvinnu við ykkur.

Í Læk eru nú 106 börn en það á eftir að fjölga þegar líður á veturinn. Hópurinn er í yngri kantinum þetta skólaárið og má þá nefna að elsti árgangurinn telur 11 börnum færri en í fyrra.

Nú eru börnin aðlöguð nýjum aðstæðum með öllu sem því fylgir. Í Litla Læk hefur reynt á þolinmæði og umburðarlyndi kennara. Aðlögunartímabilið er álagstímabil í leikskólanum bæði fyrir nýju börnin, þau sem fyrir eru og starfsfólkið.

Þar sem starf deilda/ árganga er ólíkt munu deildarstjórar sjá um að upplýsa ykkur um starf deildanna.

Nokkrar breytingar urðu í starfsmannahópnum við sumarleyfi og nú stöndum við frammi fyrir því að kveðja tvo starfsmenn en jafnframt að taka á móti nýjum. Þá eru nú starfsmannabreytingar í Litla Læk. Katrín Kristjana sem byrjaði hjá okkur á Lynginu í sumar hefur kvatt og í hennar stað er komin kennari sem heitir Zanita. Hildur Hrönn á Laufinu ætlar að flytja erlendis og verið er að ráða í hennar stað. Þá á Laufey deildarstjóri á Laufinu von á barni rétt eftir áramót og mun því fara í fæðingarorlof.

Kristín Laufey leikskólastjóri hefur nú yfirumsjón í Stóra Læk og Edda Guðrún í Litla Læk. Þannig teljum við kröftum okkar sem best varið.

Leikskólaval 9. bekkjar í Smáraskóla er hafið og erum við með 3-4 nema þennan veturinn í Stóra Læk ásamt því að einn drengur sem einnig er í Smáraskóla er hjá okkur einu sinni í viku í starfsnámi. Þau koma þó ekki í leikskólann þessar vikurnar vegna Covid.

27. október fáum við auka skipulagsdag þar sem skipulagsdagur sem átti að vera í apríl féll niður vegna Covid. Kennarasamband Íslands verður með málþing um frjálsan leik og munum við taka þátt í því í gegnum netið. Eftir hádegi munum við nýta tímann í að meta námsþáttinn Sjálfbærni og vísindi.

Hlökkum til samstarfs á komandi vetri.

Vinátta – virðing - hlýja